

## 8

### Að gefa sig Guði á vald

Þegar við skynjum að Guð er raunverulegur og virkur í lífi okkar langar okkur til að læra meira um hann. Þegar við byrjum að skilja syndugleika okkar og þörf fyrir Krist förum við að þrá persónulegt samband við hann. Við viljum sýna honum að við elskum hann, en stundum er eins og það sé enginn þarna. Þetta mun skýrast þegar við rannsökum hvað það er að gefa sig Guði á vald.

**1. Hvers konar réttlæti sagði Jesús að þyrfti fyrir himininn? Matteus 5.20**

---

**2. Hvers konar réttlæti þarf til að frelsast? Galatabréfið 2.15-16, 21**

---

*Ath. Réttlæti fyrir trú er yfirfærsla; stórkostlegustu skipti sem gerð hafa verið! Við skiptum á algjörum syndugleika okkar fyrir heilagt réttlæti Krists. Þetta er eina réttlætið sem getur veitt okkur aðgang að himnum. Við öðlumst réttlæti Krists þegar við gefumst upp á að reyna að öðlast frelsun með okkar góðu verkum eða góðri hegðun og gefumst Guði á vald.*

**3. Þeir sem skírðir eru til Krists eru einnig skírðir til hvers? Rómverjabréfið 6.3**

---

**4. Hvernig „deyr“ syndarinn? Rómverjabréfið 6.6**

---

*Ath. Það eru margar leiðir til að deyða sjálfan sig sé þess óskað. Þú gætir skotið þig með byssu, tekið inn töflur, o.s.frv., en enginn getur deytt sjálfan sig með því að krossfesta sig. Það sama gildir um að gefast einhverjum á vald. Einhver annar verður að gera það fyrir okkur. Þessi einhver er Guð. En vegna þess að hann er kurteis þröngvar hann sér ekki upp á okkur eða gagntekur okkur gegn vilja okkar. Hann biður fyrst um leyfi. Opinberunarbókin 3.20.*

**5. Syndgar dáið fólk? Rómverjabréfið 6.7**

---

*Ath. Í hinum efnislega heimi fæðumst við fyrst og deyjum svo. Í hinum andlega heimi deyjum við fyrst og endurfæðumst síðan.*

**6. Hvað segir Jesús um sjálfsafneitun? Matteus 16.24-26**

---

## 8-2

*Ath. Öll munum við deyja! Val okkar stendur milli þess að deyja sjálfinu og endurfæðast í Kristi eða deyja án Krists og verða af frelsun okkar. Því meira sem við höldum í að stjórna okkar eigin lífi hér á jörðu, því öruggari getum við verið um að missa af eilífa lífinu. En þegar við ákveðum að láta af stjórn sakir Krists... eignumst við eilíft líf!*

### 7. Gefst maður Guði á vald í eitt skipti fyrir öll? Lúkas 9.23

---

### 8. Er líf eftir dauða sjálfsins? Rómverjabréfið 6.4-5

---

### 9. Hver stýrir hinu nýja lífi? Rómverjabréfið 6.13

---

*Ath. Verkfæri er stjórnað af öðrum. Að gefa sig á vald einhvers er að viðurkenna að við getum ekki gert neitt. Þar af leiðandi er það Guðs verk að gera okkur hæf til að gefast honum á vald. Við getum það ekki sjálf.*

### 10. Getum við valið hver stjórnar lífi okkar? Rómverjabréfið 6.16; Lúkas 11.23; Jakobsbréf 4.4

---

*Ath. Við erum annaðhvort undir stjórn Guðs eða Satans! Það eina sem við fáum ráðið er hver muni stjórna okkur. „En ef við göngumst ekki undir stjórn Krists nær hinn vondi okkur á vald sitt. Við erum óhjákvæmilega undir áhrifum annars hvors hinna miklu máttarvalda sem berjast um yfirráð í heiminum. Ekki er nauðsynlegt að við kjósum vitandi vits að þjóna myrkravöldunum til þess að þau nái okkur á vald sitt. Það nægir að við vanrækjum að ganga til liðs við ríki ljóssins.“*

*Þrá aldanna, bls. 236.*

### 11. Hvernig stöndumst við djöfulinn og stjórn hans? Jakobsbréf 4.7-8

---

*Ath. Gefstu Guði og nálgastu hann. Leyfðu Guði að berjast við Satan fyrir þína hönd. Þú getur það ekki í eigin mætti.*

### 12. Eigum við ekki að nota vilja okkar og krafta til að gera gott? Rómverjabréfið 7.18-19

---

*Ath. „Allt veltur á því að beita viljanum rétt. Guð gaf mannum hæfileikann til að velja og hafna. Hans er að nota hann. Þú getur ekki breytt hjarta þínu, getur ekki fyrir eigin atbeina helgað Guði tilfinningar þær, sem þar búa. En þú getur kosið að þjóna*

### 8-3

*honum. Þú getur fært honum vilja þinn að gjöf. Mun hann þá verka í þér, bæði að vilja og framkvæma sér til velpóknunar. Þannig getur allt eðli þitt komist undir stjórn Anda Krists. Kærleikspæl þitt mun beinast að honum og hugsanir þínar vera honum samhljóða. “*

*Vegurinn til Krists, bls. 56.*

***Samantekt: Í stað þess að sóa tíma í góð verk þurfum við að beina kröftum okkar í að verja tíma með Kristi. Þegar við ákveðum að verja tíma daglega með Kristi, þegar við bjóðum honum að vinna sitt verk í lífi okkar, mun hann smám saman leiða okkur til að gefast honum algjörlega á vald. Við getum aðeins gefist Kristi á vald þegar hann hefur leitt okkur að þeirri ákvörðun.***

## **Svör við nr. 8**

Spurning 1 – Það varð að bera af réttlæti farísea

Spurning 2 – Réttlæti frá Guði sem fæst aðeins fyrir trú

Spurning 3 – Dauða Krists

Spurning 4 – Með því að vera krossfestur með Kristi

Spurning 5 – Nei

Spurning 6 – Með því að taka upp kross sinn og fylgja Kristi.

Spurning 7 – Nei

Spurning 8 – Já

Spurning 9 – Guð

Spurning 10 – Guð eða Satan

Spurning 11 – Með því að komast undir stjórn Guðs og færa sig nær honum

Spurning 12 – Við getum það ekki í eigin mætti